



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

## Sagnabrunnur norrænnar goðafræði

*Litháisk þýðing á tveimur smásögum úr sagnasafninu „Auga Óðins“ ásamt umfjöllun um þýðingarverkefnið*

Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli

Giedre Zaliaduoniene

Maí 2014

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Íslenska sem annað mál

# Sagnabrunnur norrænnar goðafræði

*Litháisk þýðing á tveimur smásögum úr sagnasafninu „Auga Óðins“ ásamt umfjöllun um þýðingarverkefnið*

Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli

Giedre Zaliaduoniene  
Kt.: 250375-3019

Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir  
Maí 2014



# Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram sem B.A. lokaverkefni í íslensku sem öðru máli á Hugvísindasvíði. Viðfangsefni þessarar ritgerðar samanstendur af þýðingu á völdum sögum úr smásagnasafninu *Auga Óðins. Sjö sögur úr norrænni goðafræði* af íslensku yfir á litháísku og þýðingargreinargerð. Í henni felst umfjöllun um þýðinguna, þar á meðal nokkur þeirra vandamála sem þurfti að yfirstíga við það að færa sögurnar yfir á litháísku. Í inngangi rætt er um ástæðu þess af hverju barnabókmenntaverk varð fyrir valinu og markmið ritgerðarinnar. Leitast var við að draga fram mynd af mórum tveggja menningarheima þar sem mætast tvö gerólk tungumál – íslenska, sem er norðurgermanskt, og litháíkska, sem er baltneskt mál.

Í upphafi ritgerðar eru tungumálin borin saman og síðan er fjallað um val þýðingastefnunnar. Leitað er svara við því hvernig best er að aðlaga frumtextann að markmenningunni og hvernig varðveita má framandleika hans. Vinna þýðandans er því erfið áskorun og ákvörðun um þýðingastefnu liggur í höndum hans. Áhersla er lögð á að viðhalda stíl sagnahöfunda og gera sem minnstar breytingar á innihaldi textans. Stuttlega er fjallað um þýðingarsögu barnabókmennta og nefnd helstu verk sem þýdd hafa verið úr íslensku. Stuðst er við *Skoposkenninguna* og hugmyndir H.Vermeers og K.Reiss. Fjallað um aðferð þá sem er notuð í þessari þýðingu. Farið er yfir þýðingarvandamálin, bæði merkingarfræðileg og málfræðileg, sem fylgja því að þýða íslenskan texta yfir á litháísku og reynt að sýna hvernig best sé að leysa þau.

Í lok ritgerðarinnar er fjallað um niðurstöður athugananna og samantekt gerð. Síðari hlutinn inniheldur þýðingu smásagnanna tveggja.

# Efnisyfirlit

## Ágrip

### Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur.....</b>	<b>1</b>
1.1 Val textans og markmið.....	1
1.2 Úr þýðingasögu.....	2
1.3 Litháiska og íslenska.....	3
<b>2. Greining frumtextans og val þýðingaraðferðar.....</b>	<b>5</b>
2.1 Greining textans.....	5
2.2 Þýðingaraðferð.....	6
<b>3. Um þýðinguna.....</b>	<b>8</b>
3.1 Málfræðileg vandamál.....	8
3.1.1 Orðaröð og setningargerð.....	8
3.1.2 Notkun falla.....	10
3.1.3 Notkun tíða.....	11
3.2 Orðfræðileg vandamál.....	13
3.2.1 Þýðing nafna og hugtaka úr norrænni goðafræði.....	13
3.2.2 Orðatiltæki og föst orðasambönd.....	15
3.2.3 Málsnið.....	17
3.3 Menningarbundin vandamál.....	19
3.3.1 Gælunöfn.....	19
3.3.2 Staðanöfn.....	20
3.3.3 Menningarbundin hugtök.....	21
<b>4. Lokaorð.....</b>	<b>22</b>
<b>5. Heimildaskrá.....</b>	<b>23</b>
<b>Þýðingin.....</b>	<b>25</b>

# 1. Inngangur

## 1.1 Val textans og markmið

Allir aldurshópar bókalesenda þurfa á að halda á góðar og áhrifaríkar bókmenntir. Ekki síst börnin. Barnabókmenntaþýðingar gegna því sérstöku hlutverki að kynna börnum og unglungum markmálsins bestu verkin frá ýmsum löndum. Með því að velja að þýða barnabókmenntaverk fæst þýðandi við spurninguna hvort einfalt sé að þýða fyrir börn. Hafa þýðingar barnabókmennta einhver sérkenni eða alls ekki? Fyrir nokkrum árum gafst mér tækifæri að hlýða á fyrirlestur í Litháen um barnabókmenntir. Einn af þekktustum litháískum nútímabarnahöfundum, Vytautas V. Landsbergis, sagði þá að það þyrfti að temja barnið eins og litli prinsinn tamdi refinn í bókinni *Litli prinsinn* eftir A.deSaint-Exupéry. Þýðandi þarf, að mínu mati, eins og höfundur, að hugsa alltaf um markhóp bókarinnar.

Starf mitt tengist beint börnunum, ég hef unnið sem kennari og kennsluráðgjafi í grunnskólum Litháens. Það útskýrir nokkuð val mitt að tengja barnabókmenntir við lokaritgerð. Ástæðan fyrir því að ég valdi að þýða tvær smásögur úr norrænni goðafræði var einnig alls ekki tilviljun. Þegar stóð að því að ég átti að kynna norrænu goðin fyrir börnum fannst mér mikill skortur af textum úr norrænni goðafræði sem væru skrifaðir á einfaldan hátt. Það einkum hafa verið þýdd nokkur brot úr Snorra-Eddu en textarnir eru helst skiljanlegir fræðimönum, kennurum og háskólanemum en síður börnum. Viðtakandi þessarar ritgerðar gæti því verið kennari eða grunskólanemandi sem er áhugasamur um gömlu norrænu goðafræðina. Ég stefni líka að því að birta þýðingarnar mínar í kennaratímaritum svo kennrarar í Litháen geti notað þær í kennslu.

Markmið ritgerðarinnar er að fjalla um helstu vandamál sem koma upp í þýðingunni varðandi málfræðilegan og menningarlegan mun á milli tungumálanna tveggja og leita lausn á þeim.

Ritgerðin samanstendur af tveimur aðalhlutum: í fyrri hluta er greinargerð um þýðinguna, í öðrum hluta er þýðing tveggja smásagna, *Nótt* eftir Gunnhildi Hrólfssdóttur og *Stjörnur í augun* eftir Jón Hjartarson.

## 1.2 Úr þýðingasögu

Í þessum kafla verður stuttlega fjallað um þýðingarsögu þar sem helstu barnabókmenntaþýðingarnar af íslensku yfir á litháísku verða kynntar.

Það er óhætt að fullyrða að barnabókmenntir nemi um helmingur allra þýdda texta af öllum textum þýddum af íslensku yfir á litháísku. Fyrstu íslensku bækurnar, sem Litháar kynntust, voru, meira að segja, barnabækur. Í byrjun var ekki þýtt beint úr íslensku heldur gegnum önnur mál. Fyrst var þýska millimálið, síðan varð venja að þýða úr rússnesku sem millimáli því Litháen varð hluti af Sovietríkjunum<sup>1</sup>.

Fyrsta íslenska barnabókin, sem var þýdd á litháísku, var bókin *Sólskinsdagar* eftir Jón Sveinsson og kom hún út árið 1927. Síðan voru gefnar út sex bækur um strákinn Nonna eftir sama höfund og þær nutu gríðarmikilla vinsælda litháískra barna. Þýðandi Jóns Sveinssonar var Pranas Mašiotas.

Þýðingar stóðu í stað á tímabili Sovietríkjanna og á þessu tímabili var aðallega lögð áhersla á að þýða áróðursbókmenntir. Barnabók eftir Gunnar M. Magnúss var þýdd og gefin út árið 1962<sup>2</sup> en endurreisn þýðinganna úr íslensku máli má telja árið 1995 þegar litháískir þýðendur fara að þýða íslenskar barnabækur aftur. Verk eftir Kristínu Steinsdóttur *Ormurinn*<sup>3</sup> birtist í menningartímaritum. Tvær aðrar bækur hennar *Kleinur og karri*<sup>4</sup> og *Engill í Vesturbænum*<sup>5</sup> eru gefnar út árið 2006. Enn ein íslensk barnabók var kynnt litháískum lesendum það sama ár. Það er *Benjamín dýfa* eftir Friðrik Erlingsson.

Árið 2007 fá börn í Litháen í hendurnar sér bók eftir Ragnheiði Gestsdóttur *Leikur á borði*<sup>6</sup> og er þessi bók handa unglungum. Á sama ári kemur út mikilvæg þýðing á íslenskum þjóðsögum. Þjóðsögur um drauga, álfa, tröll, um galdra og kraftaverk er

---

<sup>1</sup> Bartkevičienė 2009:09

<sup>2</sup> Gunaras M. Magnus 1962

<sup>3</sup> Kristín Steinsdóttir 1995

<sup>4</sup> Kristín Steinsdóttir 2006a

<sup>5</sup> Kristín Steinsdóttir 2006b

<sup>6</sup> Ragnheiður Gestsdóttir 2007

safnað saman í tveimur bókum undir titlunum *Hilda álfakona*<sup>7</sup> og *Fallegustu þjóðsögur íslensku þjóðarinnar*<sup>8</sup>. Báðar bækur líta prýðilega út, eru skreyttar með fallegum ljósmyndum úr íslenskri náttúru sem skapa ákveðinn blæ og hjálpa litháískum börnum að ímynda sér þetta fallega, fjarlæga og dularfulla land. En eitt mikilvægt atriði er í þessum bókum. Þýðandinn Rasa Ruseckiené skrifaði hér mjög fræðandi inngang um þjóðsögur og uppruna Íslendinga. Báðar bækur eru lesnar með ánægju af börnum og ekki síður af fullorðnum í Litháen.

Árið 2008 kemur út þýðing af bókinni *Sagan af bláa hnettinum*<sup>9</sup> eftir Andra Snæ Magnason. Hún varð strax uppáhaldsbók flestra litháískra barna.

Vinsældir íslensku barnabókanna í Litháen hægt að útskýra með því að þær innihalda skemmtileg ævintýri, veita lestraránægju og skapa veigamiklar umræður allt í senn. Litháískir lesendur finna hér svipaðan sálarheim, svipuð verðmæti og líkt hugarfar og þeirra eigið.

### 1.3 Litháískra og íslenska

Í þessum kafla verður rætt um tvö indóevrópsk tungumál – litháísku og íslensku. Reynt verður að útskýra í stuttu máli hvað er sameiginlegt og hvað ólíkt með þeim.

Frummál þýðingartextans er íslenska, markmál eða viðtökumál er litháískra. Bæði tungumál tilheyra indóevrópskum málum en hafa samt gerólíkar rætur. Íslenska er germansk, vesturnorrænt, litháískra er balteskt tungumál. Annað er talað af 300 þúsund mönnum hitt af 3 milljónum. Svo hægt er að segja að hvorugt þeirra tilheyri hópi tungumála sem tölud er af flestum.

Þótt íslenska hafði varðveitt nokkur einkenni fornálsins, getur baltesk litháískra vel keppt við hana með titliti til fornlegrar málbyggingar. Flestir málfræðingar eru sammála um að litháískra sé fornlegust allra indóevrópskra mála. Hún líkist mikið sanskrít, fornindversku tungumáli, og hefur mörg sameiginleg einkenni með fornlatínu og

---

<sup>7</sup> *Hilda, Elfų karalienė* 2007

<sup>8</sup> *Gražiausios islandų pasakos ir sakmės* 2007

<sup>9</sup> Andri Snær Magnason 2008

forngrísku<sup>10</sup>. Á hinn bóginn eru Íslendingar einstakir með það að geta lesið fornbókmenntir sínar sem ná aftur til 12. aldar<sup>11</sup>.

Litháískra gæti valdið útlendingum alvöru heilabrotum vegna sinnar fornlegu og óbreyttu málbyggingar. Í litháísku er enginn greinir, samband milli orðanna er sýnt með því að breyta beygingarendingum. Fimm flokkar nafnorða, í hverjum þeirra eru sjö föll í eintölu og í fleirtölu, þ.e. litháískra hefur þrjú gömul föll til viðbótar við þau fjögur föll sem eru til í íslensku: verkfærifall (lat. instrumentalis), staðarfall (lat. locativus) og ávarpsfall (lat. vocativus). Þess vegna er hægt að segja að fallanotkun minnkar notkun forsetninga og Litháar eiga meira möguleika að sýna orðasambönd með því að breyta endingum. Hins vegar er litháískt hljóðkerfi einfaldara en það íslenska, það er hljóðrétt, þ.e. lesið eins og skrifast. Því er mjög einfalt að læra að lesa á litháísku. Óhætt er að segja að litháískra sé blanda af hinu forna og hinu móderníska. Hún er forntungumál í módernískum búningi.

Hvað setningarfræði varðar er orðaröð í litháísku oft frjálsari en í íslensku. Þýðandi þarf að hafa þetta í hug þegar texti er þyddur.

Frekar verður rætt um málfræðilegan og setningarlegan mun milli málanna í 3. kafla þegar fjallað verður um málfræðileg vandamál í þýðingunni.

---

<sup>10</sup> Zinkevičius 1984:38

<sup>11</sup> Vísindavefurinn 2014

## 2. Greining frumtextans og val þýðingaraðferðar

*Gefðu þér tíma til að sannfæra þig um að þú hafir skilið frumtextann rétt!*

(Heimir Pálsson og Höskuldur Práinsson 1988:119)

### 2.1 Greining textans

Samkvæmt Heimi Pálssyni og Höskuldi Práinssyni þarf þýðandinn að skilgreina frumtextann áður en hann er þýddur. Nauðsynlegt er að bera fram og svara mörgum spurningum, sem eru mikilvægur þáttur til undirbúnings þýðingunni sjálfri, eins og eftirfarandi. *Hvers konar texti er þetta? Hver var markhópur höfundar? Hvaða áhrif hafði markhópurinn á textann og hvernig á þýðandinn að skila þeim áhrifum áfram? Hver eru stíleinkenni frumtextans og hvaða málsnið þykir eðlilegt að velja á texta af þessu tagi á þýðingarmálínus?*<sup>12</sup>

Textum er venjulega skipt í two hópa, nytjatexta og bókmenntatexta. Áður en tekið er til við að þýða þarf þýðandinn að gera sér grein fyrir því hvorum hópnum hann tilheyrir og hugsa um hlutverk eða markmið textans. Skoposkenningin eða hlutverksstefna Hans Vermeer og Katharinu Reiss er þýðingarfræðikenning sem fjallar um tilgang þýðinga. Samkvæmt henni er sérhver texti þýddur með ákveðið markmið, *skopos*<sup>13</sup>, í huga. Skoposkenningin miðast fyrst og fremst við marktextann, markmenninguna og markviðtakandann. Tilgangur marktextans drottnar yfir öllum ákvörðunum varðandi þýðinguna. Textinn hefur ákveðið hlutverk, jafnvel fleiri en eitt í einu. Meginverkefni þýðandans er að ákveða markmið textans. Til þess þarf hann að gera sér grein fyrir væntingum hugsanlegra viðtakenda.<sup>14</sup>

Í fræðigreininni *Skopos and Commission in Translational Action* skilgreinir Vermeer textann sem athöfn framkvæmda með ákveðinn tilgang í huga. Með þessari athöfn er miðað að því að búa til samskipti milli textaframleiðanda og textaviðtakanda.<sup>15</sup> Reiss undirstrikar samskiptahlutverk með því að skilgreina þrjár textagerðir: upplýsandi texta, tjáningartexta og virkjandi texta. Með fyrstu textagerðinni er áhersla lögð á innihaldið

<sup>12</sup> Heimir Pálsson og Höskuldur Práinsson 1988:72-73

<sup>13</sup> Skopos (grísk) – og merkir ‘markmið’, ‘tilgangur’.

<sup>14</sup> Pym 2010:46

<sup>15</sup> Vermeer 2000:223

og markmið er að miðla efni. Þýðingaraðferð: einfalt, óbundið mál, útlagt eftir þörfum. Dæmi um slíka textagerð gæti verið kennslubækur eða blaðagrein. Önnur textagerðin tilheyrir fagurfræðilegu sviði, áhersla er lögð á formið og helsta markmið er að miðla formi. Þýðingaraðferð: skilgreinandi aðferð, hallast að sýn höfundar frumtexta. Besta dæmið um slíka textagerðinni gæti verið ljóð. Síðasta textagerðin er virkjandi texti þar sem áhersla er lögð á skírskotun og áhrif, markmið er að kalla á viðbrögð, að fá lesandann til að bregðast við. Dæmi um slíka textum gæti verið áróður, ræður, húsreglur.<sup>16</sup> Þegar texti hefur verið flokkaður er hægt að skilgreina viðeigandi markmið og hlutverk sem er áætlað í markmenningunni. Í stuttu máli má segja um kenningar þeirra Vermeers og Reiss: Þýðandi þarf að meta hvern frumtexta, greina hann og flokka og síðan ákveða hversu mikla tryggð þurfi að sýna honum eftir því hvert markmið þýðingarinnar á að vera.<sup>17</sup>

## 2.2 *Þýðingaraðferð*

Þýðingarefnið sem varð fyrir valinu hjá mér eru tvær smásögur úr sagnasafninu *Auga Óðins*. *Sjö sögur úr norrænni goðafræði*. Í safninu leita sjö barna- og ungingabókahöfundar til sagnabrunns norrænnar goðafræði og reyna að aðlaga gömlu texta Eddukvæðanna heimi nútímaunglinga. Hver smásaga í safninu byrjar með broti úr Eddukvæðunum eða Snorra-Eddu sem eru helstu heimildir um norræna goðafræði og lífssýn manna í heiðni. Hvert brot verður því eins konar kveikja eða uppsprettu að endursögn helstu goðsagnanna á skemmtilegan og óvenjulegan hátt. Sumir höfundar flytja sagnaefnið til samtímans, aðrir dvelja í goðheimum og enn aðrir byggja brú þar á milli. Sögurnar tvær, *Nótt* eftir Gunnhildi Hrólfsdóttur og *Stjörnur í augun* eftir Jón Hjartarson, sem urðu fyrir valinu að þýða fjalla um nokkrar þekktar persónur í goðsagnaheimi. Í fyrri sögunni fær lesandinn að fylgjast með nútímastúlkunni Nótt sem fer að Urðarbrunni að sækja hjálp handa nöfnu sinni því þursar hafa fangað hana. Í síðari sögunni kynnist lesandinn eldheitri ást Freys til Gerðar. Hann er sonur nútímkvótakóngs og líkist persónu goðsins Freys úr Skírnismálum. Þannig vinna höfundar úr norrænum goðsögnum og endurskapa þessa dýrgripi þjóðarinnar til þess að íslensk börn fái notið þeirra. Undirstrikað mikilvægi svona „endurvinnslu“ getum við fundið í verkinu *The Power of Myth* eftir Joseph Campbell þar sem hann heldur því fram að vandi ungs fólks á okkar tínum sé saá að það vanti goðsagnir til að útskýra fyrir

---

<sup>16</sup> Munday 2001:74-80

<sup>17</sup> Munday 2001:64

því það sem er handan sjóndeildarhringsins. Fornir helgisiðir fólu í sér táknaðena athöfn þar sem börnin voru tekin í tölu fullorðinna og köstuðu um leið frá sér því sem tilheyrir bernskunni. Campbell segir að djúpt inni í okkur sé aldagömul þörf fyrir táknaðenar athafnir. Hann bendir einnig á að bíómyndir sem byggja á goðsögnum nái mjög auðveldlega til barna og unglings, börn sjást hvarvetna klæðast búningum og skikkjum og taka á sig ímynd goðsagnahetja.<sup>18</sup>

Svona vangaveltur leiddu til umhugsunar að þessar goðsagnahetjur gætu verið jafn spennandi fyrir íslensku börnin og börnin úr öðrum menningarheimi. Með því að velja að þýða texta, tengda norrænni goðafræði, var metinn brennandi áhugi litháískra barna á svona efni og ekki síst það atriði hversu lítið framboð er af skemmtilegu lesefni fyrir börn um norræna goðafræði.

Fræðikenning Vermeer og Reiss nýttist mér við þýðingarvinnuna og ég studdist við hugmynd þeirra um tilgang þýðingar sem beinist að viðtakanda og markmenningu.

Þýðingarstefna mína var:

- (1) a. að hugsa um nákvæman orðaforða  
b. hvernig megi senda tilteknum markhópi nákvæm skilaboð  
c. hvernig setja megi fram skilaboð sem henti á öðru menningarsvæði, þar sem textinn á að birtast;

Þegar búið var að ákveða stefnu, var hugsað um það sem skiptir máli við þýðinguna (þýðingarnálgun):

- (2) a. greining á frummáli (stíll, myndmál, orðaforði, einkenni texta)  
b. menningarumhverfi frummáls  
c. yfirfærsla (hvernig boð höfundar komist til skila)  
d. endurgerð frumtextans á þýðingarmálið  
e. markhópur (hugsað um viðtakanda og frummálið aðlagað viðtökumálinu);

---

<sup>18</sup> Campbell 1988:98

### 3. Um þýðinguna

Í þessum kafla verður fjallað um þau menningarbundnu, málfræðilegu og orðfræðilegu vandamál sem fram komu við þýðingu frumtextans á markmálið, þau útskýrð og lausnir ræddar.

#### 3.1 Málfræðileg vandamál

##### 3.1.1 Orðaröð og setningagerð

Helstu breytingarnar í tengslum við þýðingu textans voru setningafræðilegar, orðaröð innan setninga var breytt þannig að hún samræmist betur að litháísku máli. Til þess að ná fram eðlilegri orðaröð var farið þá leið að þýða í tveimur aðalatrennum. Í fyrri atrennunni var þýtt orðrétt. Í seinni atrennunni var farið yfir grófþýðingu og reynt að snúa henni á eðlilegt, flæðandi mál. Því var notað frjálsari orðaröð sem er leyfileg í litháísku máli. Ríkt beygingarkerfi litháísku orðanna leyfir frjálsari orðskipan innan setningar, setningarlegt hlutverk orðanna breytist ekki þótt þau séu færð til innan setningarinnar. Færsla er oftast gerð til að fá sérstaka áherslu, undirstrika, gefa sterkari merkingu. Þótt bæði tungumálin hafi grundvallaorðaröðina F-S-A<sup>19</sup>, getur orðskipan í litháísku setningunni verið frábrugðin íslenskri í sumum tilvikum og þess vegna þarf þýðandi að gæta sín að láta ekki orðaröð frummálsins hafa of mikil áhrif á sig.

Í dæmum fyrir neðan er vakin athygli á setningum þar sem óbreytt íslensk setningargerð færi illa í litháísku.

Í venjulegri orðaröð í íslensku er eignarformafn á eftir nafnorðinu sem það stendur með. Það gengur ekki í litháísku. Ástæðan er sú að í litháísku er það venjuleg og hlutlaus orðaröð að hafa eignarformafn á undan orðinu, sbr. eftirfarandi dæmi:

---

<sup>19</sup> F-S-A (F=frumlag, S=sögn, A=andlag) er röðin í málum eins og íslensku, dönsku, ensku, frönsku og víetnömsku (Höskuldur Þráinsson 2005:332).

- (3) a. Foreldrar hennar hlustuðu alvarleg á fréttir. (Auga Óðins 2003:13)<sup>20</sup>  
 b. Jos tévai susimastę klausēsi žinių.  
 c. Hennar foreldrar alvarleg hlustuðu á fréttir.

Kjarnafærslureglur í íslensku, þegar setningaliðir eru fluttir aftan úr setningunni fram fyrir sögnina og frumlagið um leið flutt aftur fyrir hana, eru frábrugðnar litháísku máli og ég þurfti að gæta þess að láta þær ekki hafa of mikil áhrif á mig heldur hugsa hverju ég þurfi að koma til skila á þýðingarmálínus og reyna að raða orðum í setningunni á eðlilegan hátt:

- (4) a. Brátt voru þau eins og stjörnuhrap á himninum. (bls.29)  
 b. Netrukus jie atrodè tarsi mažyčiai žvaigždžių taškeliai danguje.  
 c. Brátt þau voru eins og stjörnuhrap á himninum.

Það er einnig gott að minnast á hina séríslensku notkun neitunarorðsins *ekki* þar sem það kemur einkum á eftir sagnorði, sbr. eftirfarandi setningar:

- (5) a. Kemur Pór ekki? eðlileg íslensk málnotkun  
 b. Ateis Toras ne? óeðlileg útkoma í litháísku (orðrétt þýðing)  
 c. Ar Toras neateis? tæk þýðing í litháísku

Eins og er sýnt í dæminu fyrir ofan, fær neitunarorðið *ne* sætið á undan sagnorðum í litháísku. Neitunin *ne* gegnir hlutverki forskeytis sem er skeytt fyrir framan sagnorð. Hér má líka benda á ólíka gerð spurnarsetninga í tungumálum báðum. Í íslensku kemur sagnfærsla, þ.e.a.s., sögnin færst fremst í setningu, þegar um *já-/nei* spurningar er að ræða. Litháísa notar ekki sagnfærslu í spurnarsetningum. Frumlagið og persónubeygða sögnin færast ekki úr stað. Í litháísku (svipað og í íslensku) eru tvær gerðir spurnarsetninga: *k-spurningar* (sbr. *hv-spurningar* í íslensku) sem draga nafn sitt af spurnarorðum sem öll byrja á *k-*. Algengustu eru spurnarfornöfn, t.d. *kas*, *kuris* (*hver*), *katras* (*hvor*) og spurnaratviksorð, t.d. *kur* (*hvar*), *kada* (*hvenær*), *kaip* (*hvernig*), *kodél* (*hvers vegna*, *af hverju*). Hin gerð spurnarsetninga eru *já-/nei-* spurningar. Þær byrja yfirleitt með smáspurnarorðum, t.d.: *ar*, *gal*, *bene*, *nejaugi*, *negi*, *argi* og gefa merkingu setningar aukablæ. Ef spurnarsetning byrjar með spurnarorðum *ar/gal* og sagnorð í setningunni er með neitun, eins og sést í dæminu, þá á að búast við jákvæðu svari.

<sup>20</sup> Hér eftir er vitnað til þessarar heimildar með blaðsíðutali í sviga.

Hægt er að draga þá niðurstöðu að orðrétt þýðing gæti leitt til vandræða ef þýðandinn fylgir frumtextanum alltof náið. Því er mikilvægt að gæta þess að fara eftir venjum markmálsins um orðaröð.

### 3.1.2 Notkun falla

Fallbeyging er í báðum tungumálunum, íslensku og litháísku. Litháísa hefur varðveitt sjö af átta föllum indóevrópska frummálsins. Hins vegar hefur íslenska aðeins fjögur föll og þau geta ekki alltaf samsvarað föllum í litháísku. Auk nefnifalls, þolfalls, þágufalls og eignarfalls, sem gegna næstum svipað hlutverk í báðum tungumálum, hefur litháísa varðveitt þrjú föll í viðbót: instrumentalis (verkfærисfall), locativus (staðarfall) og vocativus (ávarpsfall). Notkun nefnifalls og eignarfalls er sú sama eða mjög svipuð í báðum tungumálum, sbr.:

- (6) a. Bústin randafluga suðaði milli blóma (ef.) (bls.14).  
b. Tarp géliu (ef.) dūzgē putli kamané.  
c. Milli blóma suðaði bústin randafluga.

Þolfall og þágufall í íslensku samsvara samt ekki í öllum setningum hlutverki accusativus (þf.) og dativus (þgf.) í litháísku. Ástæðan fyrir því er að sagnir og forsetningar í íslensku stýra öðru falli en sömu sagnirnar í litháísku, sbr. eftirfarandi dæmi, þar sem sögnin *svara* stýrir þágufalli í íslensku en í litháískri setningu er hér best að nota forsetningu *i +þf.* (forsetning *i* stýrir þolfalli í litháísku og hefur fjölbreyttu merkingu, hér: *að bregðast við, að svara spurningum* )

- (7) a. Hún hafði svarað rétt öllum spurningum (þgf.) (bls.13)  
b. Ji atsaké teisingai j visus klausimus (þf.)

Einnig má ekki gleyma að í íslensku liggur sérstakt kerfi að baki notkun sumra forsetninga. Grundvallarþættir þessa kerfis eru dvöl, hreyfing og stefna ásamt breytilegri fallmörkun með tilteknum forsetningum (*á, í, fyrir, með*) (þf.=hreyfing;

þgf.=kyrrstaða).<sup>21</sup> Kyrrstaða í litháísku máli er oftast sýnd með hjálp locativus (staðarfalls):

- (8) a. Nótt var farin að þreytast mjög í handleggjunum (þgf.) (bls.21)  
b. Naktis pajuto nuovargi rankose (locativus).

Til að sýna hreyfingu er hins vegar oftast notuð forsetningin *i + þf.* í litháísku:

- (9) a. Hún féll veinandi niður í tómið (þf.) (bls.22)  
b. Šaukdamu ji krito žemyn i tuštumą (þf.)

Í dæmi (10) er sýnd notkun á fallinu instrumentalis (verkfærifalls) í þýðingunni. Instrumentalis er notað í litháísku til að sýna hvaða verkfæri er notað á meðan athöfn eða atburður er framkvæmdur og tekur það með sér forsetninguna *su (með)*.

- (10) a. Kannski voru þetta bara skólakrakkar í útskriftarbúningum. (þgf.) (bls.14)  
b. O gal čia tebuvo mokiniai su kaukémis. (verkfærifall)  
c. Kannski hér voru bara skólakrakkar með útskriftarbúningum.

### 3.1.3 Notkun tíða

Þótt myndun tíða og horfa í báðum tungumálum sé ólík, setti það mig ekki í vanda varðandi rétt val á tíð. Tíðskipting í íslensku er nútíð og þátíð. Litháíkska hefur framtíð til viðbótar. Nútíð í íslensku getur líka vísað til óorðinna atburða, sbr. dæmi:

- (11) a. Hvað ertu að gera um helgina? (bls.110)  
b. Kä yeiksi savaitgalj?

Hér sést að framtíð í íslensku má tákna með venjulegri nútíð, á hinn bóginn notar litháíkska sérstakt viðskeyti –s- á sögnunum til að sýna óorðinn verknað.

Líkt og íslenska, hefur litháíkska allar þrjár gerðir horfa: lokið horf, ólokið horf og byrjunarhorf. Helsti munurinn er þó að í íslensku eru horfin mynduð með sagnasamböndum en í litháísku eru horfin aðallega mynduð með hjálp forskeyta til að

---

<sup>21</sup> Jón G. Friðjónsson 2006:35

sýna hvort verknaður sé liðinn, er í gangi eða rétt að byrja. Það er nokkuð flokið kerfi þar sem ólíkum forskeytum er skeytt framan við sagnorð eftir því í hvaða merkingarflokki sögnin er. En hér verður ekki fjallað nánar um það. Í þýðingunni mest var notað af loknu horfi I og þátíð því frásögn smásagnanna tveggja vísaði oft á liðinn tíma. Í dæmunum hér á eftir er sýnt hvernig setningar í loknu horfi og þátíð eru þýddar á litháísku. Í dæmi (12) má sjá hvernig sögn, *gyré*, með forskeyti, *pa*, sem sýnir að verknaði sé lokið, kemur í stað sagnasambands fyrir lokið horf :

- (12) a. Hann hafði hrósað henni fyrir dugnað á prófinu. (lokið horf I) (bls.13)  
b. Jis pagyré (pt. 3p.) ja už sumanumā egzamine.

Þýðing þátíðar olli ekki sérstökum erfiðleikum:

- (13) a. Hún gekk áfram eftir troðningum. (þt.) (bls.14)  
b. Ji éjo tolyn takeliu. (þt.)

Í frumtextanum voru nokkur dæmi um notkun viðtengingarháttar. Það sem er frábrugðið við notkun viðtengingarháttar í litháísku er að hann er ekki notaður í óbeinni ræðu eða í fallsetningum eins og í íslensku. Í litháísku þýðingunni var notaður framsöguháttur í stað viðtengingarháttar í aukasetningum, sbr. eftirfarandi dæmi:

- (14) a. Bjartur var sjálfum sér líkur, hefði staðið á haus til þess að gera sig skiljanlegan...(vth.) (bls.106)  
b. Bjarturas buvo savame kailyje, galéjo ir ant galvos atsistoti, kad padarytū save suprantamesnj...(frh.þt.3p.)

Setningar í viðtengingarhætti eru því þýddar vandræðalaust og verður því ekki rætt meira um það.

## 3.2 Orðfræðileg vandamál

### 3.2.1 Þýðing nafna og hugtaka úr norrænni goðafræði

Í þessum kafla ætla ég að fjalla um hugtök tengd menningu frummálins. Í frummáli eru oft hugtök sem eiga ekki beina samsvörun í þýðingarmáli eða, eins og kemur hjá Jóni G. Friðjónssyni, jafngildi skortir á sviði orða.<sup>22</sup> Í þýðingunni minni komu fram hugtök sem tengjast einkum ásatrú og norrænni goðafræði. Hér á eftir verður fjallað aðallega um þýðingu fyrstu smásögunnar *Nótt* þar sem í frásögn hennar stór hópur guðanna gömlu úr goðafræðinni.

Flóknasta og margþættasta vandamálið kemur við sögu strax í byrjun þýðingarvinnunnar. Hvernig á að þýða titilinn *Nótt*? Aðalpersónan í frásögninni er nútímastúlkan Nótt sem tekur að sér það hlutverk að hjálpa nöfnu sinni gyðjunni Nótt úr Ásgarði. Samkvæmt litháískum stafsetningareglum ættu erlend nöfn verið skrifuð eftir framburðarreglum í frummálinu nema endingar sem eiga að vera samkvæmt litháískum beygingarreglum. Þannig fá nöfn karlmanna litháísku endingarnar *-as*, *-is*, *-us*, og nöfn kvenna endingarnar *-a*, *-e*. Í þýðingunni var farið eftir þessum reglum og nöfn guðanna fengu litháísku endingarnar, sbr:

(15)	kk.	kvk.
Óðin	- <u>Odinas</u>	Urður – <u>Urdé</u>
Þór	- <u>Toras</u>	Sól - <u>Solé</u>
Loki	- <u>Lokis</u>	Nótt - <u>Noté</u>

En lítum aftur á nafnið *Nótt*. Eins og sést í dæminu fyrir ofan ætti þetta nafn líta út sem *Noté* samkvæmt reglunum. En það kemur strax í ljós við þýðinguna að þetta form nægir ekki til að fá rétta samsvörun við frummálið. Í frásögninni gefur gyðjan *Nótt* vita um hlutverk sitt:

- (16) Ég er Nóttin sem ek vagni mínum yfir himininn svo jörðin og mennirnir megi hvílast í ljúfu næturmyrkrinu sem ég færi þeim. (bls.16)

<sup>22</sup> Jón G. Friðjónsson 2006:27

Þannig kemur merkingarlegt hlutverk orðsins *nótt* í fyrsta planið. Nafnið næturmejarinnar blandist við beina merkingu orðsins *nætur* sem hluta sólarhringsins þegar myrkur ríkir. Þýðingin nafnsins *Nótt* sem *Notē* væri ófullkomin í markmálinu vegna þess að mikilvægi þess fyrir merkingarlegt samhengi í sögunni myndi þá glatast. Besta lausnin var því að þýða nafnið með merkingu þess og fá í þýðingatextann litháísku gerðina *Naktis*. Síðan vaknaði sú spurning hvort slíkt nafn sé til í litháísku? Í raun og veru er þetta mjög sjaldgæft nafn í markmálinu. Ég fór yfir lista litháískrar Þjóðskrár en fann ekki nema tvær konur sem gefið hafði verið nafnið *Naktis* frá árinu 1900. Því næst skrifaði ég skandinavísku deild Háskólangs í Vilnius til þess að fá ráðgjöf frá fagfólki í þýðingum. Svarið var á þann hátt að ég get alveg þýtt erlent nafn ef það hefur merkingu og ef merking þjónar textanum. Að auki var mér ráðlagt að skrifa hitt form nafnsins *Notē* í neðanmálsútskýringum þar sem fram ætti að koma hvaða hlutverki gyðjan *Nótt* gengi í norrænni goðafræði.

Önnur hugtök og heiti úr norrænni goðafræði hafa verið þydd samkvæmt reglum sem voru ræddar fyrr. Hins vegar þurfti ég að hafa neðanmálsútskýringar um sérlutverk hvers goðs því mér fannst að það gæti hjálpað lesendum þýðingarmálsins að skilja goðafræðina betur. Þar að auki þurfti ég að útskýra hvernig norrænir menn ímynduðu sér sköpun heimsins úr holdi frumjötunsins Ýmis. Í útskýringum einnig kom fram heimsýn norræna manna, trú þeirra á askinn Yggdrasil, axis mundi, sem hefur tengt níu heima. Með neðanmálsútskýringum var lögð áhersla að skilgreina andstæður milli goðanna, sýna t.d. mun milli Niflheimsins og Ásgarðs, milli jötnanna og goðanna, Loka og Þórs.

Höfundur hinnar smásögunnar, *Stjörnur í augun*, flytur viðfangsefni frásagnarinnar til samtímans en kveikjan að sögunni er eldheit ást Freys til Gerðar úr Skírnismálum. Aðalpersónur hafa sömu nöfnin og ástarsagan er svipuð. Ég ákvað samt að hafa stutta lýsingu um frásögn Skírnismála í neðanmálsútskýringum þar sem hún gæti hjálpað lesendum í markmálinu að skilja betur markmið höfundar og sýnt hvernig gömul myta úr Snorra-Eddu endurfæðist á ný. Til að útskýra nánar hugtök og heiti norrænu goðafræðanna stuðst var við bækur Sölva Sveinssonar<sup>23</sup> og Rudolfs Simeks<sup>24</sup>.

<sup>23</sup> Sölvi Sveinsson 2006:56-236

<sup>24</sup> Simek 1993:11-56

### 3.2.2 Orðatiltæki og föst orðasambönd

Orðasambönd, orðatiltæki og orðlíkingar eru eitt einkenni á fagurbókmenntum og sérstakt viðfangsefni þeirra. Orðatiltæki eru skilgreind sem föst orðasambönd í breytti merkingu. Megineinkenni þeirra er í fyrsta lagi að búningur er fastmótaður og þau eru notuð sem ein heild í málínus. Í öðru lagi svipar þeim að því leyti til einstakra orða að þau geta ekki staðið ein og sér heldur krefjast þau samhengis.<sup>25</sup>

Mál smásagnanna tveggja, eins og búast má við af barnabókmenntum, er stórríkt af orðasamböndum af ýmsu tagi. Flest þeirra voru ógagnsæ og þess vegna var ég oft í vanda með að þýða þau. Þetta var erfitt og krefjandi verkefni en líka mjög gefandi og skemmtilegt. Markmið mitt var annaðhvort að finna samsvarandi eða jafngild orðasambönd eða umorða merkingu þeirra á almennan hátt. Einnig var haft í huga að notkunarsvið samsvarandi orðasambanda í tveimur málum er ekki alltaf hið sama. Þannig prófaði ég að grafast fyrir um yfirfærða merkingu, athuga raunverulega merkingu og reyna að koma henni til skila. Góðar orðabækur, eins og *Frazeologijos žodynai* eftir Jonas Paulauskas og *Mergur málsins* eftir Jón G. Friðjónsson komu mér til mikils stuðnings.

Orðatiltæki frumtextans flokkaði ég í two hópa. Annar hópur orðatiltækja var alveg ógagnsær og ég gat ekki fundið samsvarandi orðatiltæki í þýðingarmálínus. Hér fyrir neðan koma nokkur dæmi þar sem orðatiltækjum var umorðað, orðaröðun og orðaforða breytt að öllu leyti:

(17) a. Henni varð svo hverft við....(bls.15)

b. Ji nepaprastai apstulbo...

c. Hún var að undrast yfir...

(18) a. Það er töggur í þér...(bls.26)

b. Esi tvirtos valios...

c. Þú hefur dug í þér...

---

<sup>25</sup> Jón G. Friðjónsson 2006:26

- (19) a. Bjartur var greinilega í basli með að tjá sig...(bls.106)  
b. Bjarturas aiškiai kamavosi....  
c. Bjartur var í vandræðum...

Hinn hópurinn átti sér jafngilda samsvörun í markmálinu, þótt orðatiltæki voru umorðuð á annan hátt. Þannig orðatiltæki í markmálinu ólík að formi koma alveg til greina vegna svipaðrar merkingar, sbr. eftirfarandi dæmi:

- (20) a. Þeir skildu ekki baun....(bls.108)  
b. Jie nesuprato nē kruopelès...  
c. Þeir skildu ekki korn...
- (21) a. Hefurðu nokkuð fengið högg á hausinn? (bls.102)  
b. Gal tu gavai saulès smūgj?  
c. Fékkstu sólarhögg á hausinn?

Frumtextinn var ríkur af ýmsum skáldlegum og föstum líkingum og reynt var að sleppa ekki líkingamáli heldur finna samsvarandi líkingamyndir í þýðingarmáli sem væru auðskiljanlegar lesendum marktexta, sbr. þessi dæmi:

- (22) a. Þær sækja í þig eins og nammi í poka. (bls.102)  
b. Jos limpa prie tavęs kaip bitęs prie medaus.  
c. Þær sækja í þig eins og býflugur hunangs.
- (23) a. ...rétti úr sér eins og stálfjöður....(bls.105)  
b. ...iſſitiesē kaip žvakę...  
c. ...rétti úr sér eins og kerti...

Þegar á allt er litið kemur í ljós að orðatiltæki og orðasambönd eru sérstök fyrirbæri í hverju máli sem er ekki hægt að þýða orð fyrir orð. Nauðsynlegt er að átta sig vel á merkingu orðatiltækis í frumtextanum og þekkja merkingu og form þess orðatiltækis sem kemur í staðinn í þýðingunni.

### 3.2.3 Málsnið

Málsnið er stíll höfundar sem er valinn eftir markmiðum og hópi viðtakanda. Stíll smásagnanna tveggja einkennist af einföldu, óformlegu máli, málfarið er nútímalegt, sérstaklega í sögunni *Stjörnur í augun*, textinn inniheldur mikið af samtölum, unglingsmálseinkenni og slangur gefa textanum sérstakan blæ. Með það í huga valdi ég orð fyrir þýðingatexta og gætti þess að reyna að halda blæ frumtextans. Hér á eftir verður rætt nokkur stíleinkenni svo sem hikorð, kunningjamál og slanguryrði, blótsyrði og endurtekningar.

Afar erfitt reyndist að þýða orðræðuagnir eða smáorð. Slík orð hafa hlutverki að gegna en þau beri sérstaka merkingu. Það er mismunandi hvort slík orð í einu máli eigi sér samsvarandi orð í öðru og getur það sett þýðanda í vanda.<sup>26</sup>

Í frumtextanum voru notuð hikorð eins og: *hérla*, *sko*, *ha*, *jæja*, *víst*, *bara*, *jú*. Í eftirfarandi dænum er hægt að skoða hvernig þau eru notuð í frummáli og hvernig þau líta út í þýðingunni (sumum hikorðum, sem var ekki fundin samsvörun, var sleppt án þess að merking í þýðingartextanum raskast):

- (24) a. Mig langaði bara að heilsa upp á þig. (bls.110)
  - b. Norejau tík pasilabinti su tavimi.
  - c. Ég vildi bara að heilsa með þér.
  
- (25) a. Ó, jú, alveg rétt! (bls.110)
  - b. Na, žinoma, visiškai teisingai!
  - c. Ó, jú, alveg satt!

Í íslensku er mjög algengt að nota endurtekningar. Oftast eru endurtekin sagnorð (sérstaklega sögnin *segja*) og persónufornöfn. Í litháísku gildir sú regla að forðast endurtekningu. Ráðlagt er að leitast við að skipta út sögnum með samheiti en persónufornöfnum hægt er að sleppa því að beygingarendingar sagna í litháísku sýna nákvæmlega um hvaða persónu er átt við.

---

<sup>26</sup> Jón G. Friðjónsson 2006:23

Algengustu sögninni *segja*, sem oft kemur fram á undan beinni ræðu, skipti ég með samheitum og lagði áherslu á merkingu: *lýsa, minnast, hvísla, skjóta að, ítreka, bæta við, hrópa, stynja, útskýra, tilkynna*.

Óformlegt málsnið er einnig notað í frumtextum með því að nota orðaforða úr unglingsamáli. Slíkur stíll kunningjamáls einkennist af orðum eins og: *djók, ókey, gamsi, dísus, gella, glætan, karlinn* (faðir), *sjoppa, geðveikt tæki* (gítar), *tryllitæki* (jeppi), o.s.frv. Við orðaval fyrir þýðingu hafði ég í huga slangurorðaforða úr unglingsamáli í markmenningu og reyndi að velja nokkurn veginn jafngild orð, sbr. í eftirfarandi dænum:

- (26) a. Lánar karlinn þér jeppann? (bls.103)  
b. Ar tétušis paskolins tau džipą?  
c. Karlinn lánar þér jeppann?
- (27) a. Svo brennum við kannski á tryllitækinu í sumarbústaðinn...(bls.112)  
b. ...galbūt dumsim šiuo žvérimi į vasarnamj.  
c. ...kannski brennum við með þetta dýr í sumarbústaðinn.
- (28) a. ...reyndu að bjóða gellunni í bíó... (bls.103)  
b. ...pamègink pakviesti tā mergužélę į kiną...  
c. ...reyndu að bjóða þessari skyisu í bíó...

Síðast má benda á þýðingu blótsyrða. Í báðum tungumálum, frummáli og markmáli, kemur djöfullinn mikið við sögu þannig var ekki flokið að finna samsvarandi dæmi í þýðingarmálinu, sbr:

- (29) a. Hvernig í fjandanum datt þér í hug þessi hljómsveit? (bls.109)  
b. Kaip, po velnių tau į galvą šovė mintis apie muzikos grupę?  
c. Hvernig, í fjandanum, þér skaut í hausinn hugmynd um hljómsveit?

Hins vegar lenti ég í vanda við blótsyrði sem hljóma hlutlaust í frummálinu en eru nokkuð gróf í markmálinu ef hugsað um birtingu þess í barnabókmenntum, sjá dæmi

(30). Samt ákvað ég breyta ekki merkingu heldur varðveita stíl frummálsins og þýða orðrétt (því að slík þýðing fannst mér „sú rétta“ til að sýna orðaleik sem fólst í blótsyrðinn). Í dæminu fyrir neðan er sýnt orðaleikur. Hann kemst alveg til skila í þýðingunni með því að þýða orðrétt:

- (30) a. - Ég syng ekki rassgat.  
- Nei, þú syngur með munninum, sagði Bjartur og hló sínum hálftitahlátri. (bls.113)
- b. - Aš nedainuoju, tu subinēs skyle!  
- Ne, savaime aišku, tu dainuoji burna, - pasakē Bjarturas ir užsikvatojo savo pamiselišku juoku.

### 3.3 *Menningabundin vandamál*

Þýðing smásagnanna tveggja fól í sér spurninga um þýðanleika menningarbundinna hugtaka. Hvernig á ég að bregðast við menningartengslum? Hvernig rétt væri að færa sögurnar til litháisks menningarumhverfis? Íslenskt umhverfi, menningin leggur aukamerkingu í einstök orð og gerir því þýðingaraunir þungar. Ýmis konar aðferðir hafa verið notaðar við þýðinguna. Orðum var breytt, þeim umorðað eða jafnvel sleppt. Neðanmálsútskýringar komu líka til greina. Hér verður rætt um þýðingu gælunafna, staðanafna og þýðingu nokkurra hugtaka sem tengjast íslenskri menningu og hefðum.

#### 3.3.1 Gælunöfn

Þýðingar nafna eru án efa eitt það erfiðasta fyrir þýðendur. Í kafla 3.2.1 var rætt um umritun eiginnafna í litháísku samkvæmt reglum sem gilda í Litháen. Hér vil ég aðeins ræða um þýðingu gælunafna þar sem slík fyrribæri eru sýnd á annan hátt í markmenningu.

Gælunöfn hafa lengi tíðkast á Íslandi og er algengt að nota gælandi nöfn um fólk sem langoftast eru styrtti en eiginnafnið. Reglurnar um myndun slíkra nafna eru allflóknar en meginatriðin eru skýr. Tvö frumatriði eru þau að nafnið skal vera veikrar beygingar og

stofninn eitt atkvæði + beygingarending. Einkvæð aðalnöfn verða tvíkvæð (*Karl>Kalli*) og fleirkvæð nöfn dragast saman í e.k. „stofn“ + endingu (*Hall-dór>Halli*)<sup>27</sup> Svipað fyrirbæri tíðkast ekki í markmálinu þar sem gælunöfn eru ekki algeng og styttning eiginnafna er sjaldgæf. Í litháísku máli er algengara að ávarpa mann í t.d. góðra vina hópi með því að nota smækkunarorð. Við myndun slíkra nafna eru alúðarviðskeyti *-el*, *-uk*, *-yt* og beygingarendingar sett við nafnið (t.d. nafnið *Jonas* með alúðarviðskeyti *-uk* verður að *Jonukas* og getur verið notað að ávarpa góðan kunningja eða oftast lítið barn). Sambærilegt fyrirbæri er til í íslensku, einkanlega notað með kvenmannsnöfnum, þá er notað viðskeyti *-s(a)*, jafnvel á gælunöfn (t.d. *Guðrún*→*Gunna*→*Gunnsa*).

Í þýðingunni er aðalpersónan *Freyr* kallaður gælunafni *Freysi* auk þess sem önnur gælunöfn koma fyrir: *Jói*, *Stína*, *Sísi*, *Golli*. Þar sem gælunöfn í íslenskum og litháískum menningarheimi eru notuð öðruvísi lét ég þau vera óbreytt nema litháískum beygingarendingum var bætt við nafn aðalpersónunnar. Þannig fékk gælunafnið *Freysi* litháíska beygingarendingu *-is* og varð *Freysis* í þýðingunni. Af því að aðalpersónan Freyr var ýmis nefndur *Freyr* og *Freysi* í textanum, skýrði ég neðanmáls fyrir litháískum lesendum að um sama strák er að ræða.

### 3.3.2 Staðanöfn

Um staðanöfn er meginregla í litháísku sú að erlend heiti eiga að vera aðlöguð að litháískum hljóðkerfisreglum og stafrófi. Samt kröfðust nokkur staðaheiti víðari skýringu vegna samhengis. Í neðanmálsútskýringum kom því t.d. *Hvalfjarðargöng*. Í markmenningu er neðanjarðarvegur gegnum fjörð framandi fyrirbæri. Setningu sem *Hún var á leið suður* varð t.d. að breyta í *Hún var á leið til Reykjavíkur*. Í frummálinu skilja lesendur fljótt hvað átt með því að *fara suður*. Í markmálinu þarf lesandi nákvæmari skýringu að staðnum. Nöfn fjallanna *Helgrindur* og *Kistufell* þörfnuðust þýðingu og útskýringa í neðanmálstexta því persónum sögunnar fannst þau „ekki aðlaðandi“ (bls. 104) og lesandi í markmálinu þurfti því að skilja hvaða merkingu þessi nöfn fela í sér.

---

<sup>27</sup> Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson 1991:47-50

### 3.3.3 Menningarbundin hugtök

Í frumtextanum voru nokkur hugtök sem tengjast íslenskri menningu og hefðum. Sumum þeirra var sleppt við þýðinguna vegna þess að ekki fannst jafngilt menningarlegt fyrirbæri í markmenningu, sbr.:

- (31) a. Kannski voru þetta bara skólakrakkar í útskriftarbúningum. (bls.14)  
b. O gal čia tebuvo kaukémis persirengę mokiniai?  
c. Kannski voru þetta grímuklæddir skólakrakkar?

Fyrirbærið útskriftarbúningar er ekki notað í litháískum skólum við útskrift. Í dæminu að framan sést hvernig þessu hugtaki er sleppt og í stað kemur orð sem varð fyrir valinu: grímuklæddir.

Öðrum hugtökum, eins og t.d. *Maístjarna* sem íslenskur lesandi tengir við þekkt þjóðlag eða *Spilakvöld eldri borgara*, fyrirbæri sem tíðkast ekki í Litháen, eru gefnar nánari útskýringar neðanmáls.

Hugtök, eins og t.d. *kvótakóngur* eða *sægreifi*, sem eru notuð í nútímaíslensku samfélagi, voru nógu gegnsæ og skýr af samhenginu að þýðing þeirra olli ekki erfiðleikum.

## 4. Lokaorð

Án efa eru þýðingar mikilvægur þáttur í nútímanenningarlífi. Þær fylgja okkur á hverjum einasta degi og er því mikilvægt að fá góða þýðingu í hendur. Það nægir ekki að kunna erlent mál nógu vel til þess að geta þýtt. Þýðingarstarfið er krefjandi og það þarf að læra og öðlast þjálfun í því og reynslu eins og við önnur störf. Kunnátta í heimamálinu er ekki síst ennþá mikilvægari en kunnátta í málinu sem þýtt er úr.

Þegar hafist er handa við þýðingarstarf þarf að skilgreinina hvaða markmið textinn á að hafa í þýdda málinu. Í byrjun þýðingarvinnu mat ég frumtexta, greindi hann og gerði grein fyrir markmiðum þýðingarinnar. Með hjálp fræðikenna Vermeer og Reiss ákvað ég þýðingarstefnu þar sem tilgangur þýðingarinnar beinist að viðtakanda og markmenningu.

Þar sem um bókmenntatexta var að ræða taldi ég að best væri að hafa innihaldið í fyrirrúmi. Þess vegna reyndi ég að varðveita sérstakan stílblæ höfundanna beggja og sömuleiðis að aðlaga frumtextann að litháískum lesendum.

Í þessari ritgerð reyndi ég að rannsaka og sýna helstu málfræðilegu, orðfræðilegu og menningarlegu vandamál sem komu upp með því að færa textann frá einum menningarheimi yfir á annan. Í stuttu máli má segja að mikilvægast fyrir þýðanda sé að þýða textann á eðlilegt og skiljanlegt mál, að ná tökum á málnotkun og hafa náttúrulegt flæði milli orðanna og setninga. Þýðingarverkefnið reyndist vera krefjandi því ekki var alltaf auðvelt að þýða á vandað mál og sömuleiðis halda stíl, merkingu og boðskap frumtextans. Með þýðingunni var reynt að fara milliveg og þjóna bæði höfundum smásagnanna og lesendum markmálstextans.

## 5. Heimildaskrá

Andri Snær Magnason. 2008. *Mėlynosios planetos istorija*. Žara, Vilnius.

Auga Óðins. *Sjö sögur úr norrænni goðafræði*. 2003. Mál og menning, Reykjavík.

Bartkevičienė, Jurga. 2009. *Skandinavų literatūros recepcija Lietuvoje: istorija, vertimai, bibliografija*. Magistro darbas, VPU, Vilnius.

Campbell, Joseph. 1988. *The Power of Myth*. Anchor Books, New York.

*Dabartinės lietuvių kalbos gramatika*. 1996. Vyr. redaktorius Vytautas Ambrazas. Mokslo ir enciklopedijų leidykla, Vilnius.

*Dabartinės lietuvių kalbos žodynai*. 1993. Vyr. redaktorius Stasys Keinys. Mokslo ir enciklopedijų leidykla, Vilnius.

*Gražiausios islandų pasakos ir sakmės*. 2007. Vaiga, Vilnius.

Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson. 1991. *Nöfn Íslendinga*. Heimskringla, Reykjavík.

Gunaras M. Magnus. 1962. *Berniukai iš Lingeirio*. Valstybinė grožinės literatūros leidykla, Vilnius.

Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson. 1988. *Um þýðingar*. Iðunn, Reykjavík.

*Hilda, Elfų karalienė. Islandų sakmės ir pasakos*. 2007. Sudarė Rasa Ruseckienė. Vaga, Vilnius.

Höskuldur Þráinsson. 2005. *Íslensk tunga III. Setningar*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

*Íslensk orðabók*. 2002. Ritstj. Mörður Árnason. Mál og menning, Reykjavík.

Jón G. Friðjónsson. 1993. *Mergur málsins*. Mál og menning, Reykjavík.

\_\_\_\_\_. 2006. *Pýðingar*. Háskóli Íslands, Reykjavík.

Kristín Steinsdóttir. 1995. *Kirminas mamos pilve*. Žara, Vilnius.

\_\_\_\_\_. 2006a. *Spurgos ir karis*. Žara, Vilnius.

\_\_\_\_\_. 2006b. *Angelas vakarų rajone*. Žara, Vilnius.

*Lietuvių kalbos žodynas* ( t. I – XX ). 1941-2002. Vyr. redaktorė Gertrūda Naktinienė.  
Lietuvių kalbos institutas, Vilnius.

Lyberis, Antanas. 2002. *Sinonimų žodynas*. Lietuvių kalbos institutas, Vilnius.

Munday, Jeremy. 2001. *Introducing Translation Studies*. Routledge, London.

*Palyginimų žodynas*. 2014. Sudarė Klementina Vosylytė. Lietuvių kalbos institutas,  
Vilnius.

Paulauskas, Jonas. 2001. *Frazeologijos žodynas*. Lietuvių kalbos institutas, Vilnius.

Pym, Anthony. 2010. *Exploring Translation Theories*. Routledge, London.

Ragnheiður Gestsdóttir. 2007. *Proga laiméti*. Gimtasis žodis, Vilnius.

Simek, Rudolf. 1993. *Hugtök og heiti í norrænni goðafræði*. Heimskringla, Reykjavík.

Sölvi Sveinsson. 2006. *Guðirnir okkar gömlu ásamt Snorra-Eddu*. Bjartur, Reykjavík.

Vermeer, Hans. 2000. Skopos and Commission in Translation Action. Lawrence Venuti  
(ritstj.): *The Translation Studies Reader*. Routledge, London.

Vísindavefurinn. 2014. *Er íslenska elsta tungumál í Evrópu?* Sótt 25. mars 2014 af  
[www.visindavefur.is/svar.php?id=3077](http://www.visindavefur.is/svar.php?id=3077)

Zinkevičius, Zigmantas. 1984. *Lietuvių kalbos istorija, I*. Mokslo, Vilnius.

Gunnhildur Hrólfsdóttir

*Nótt*

Naktis éjo lauko aikštélés pakraščiu. Ji žengé létai, kartkarčiai stabtelédama apžiūrėti drugelių, paskui nuplèšé beržo lapelį ir įsikišo į burną. Mégavosi aitriu jo skoniu ant liežuvio ir mintimis grížo prie mokytojo žodžiu. Jis pagyré ją už gabumus egzamine. Ji buvo vienintelė klaséje, teisingai atsakiusi į visus klausimus apie skandinavų mitologiją. Berniukai kažkā šníbždėjosi, jog ji esanti arba mokytojo padlaižé, arba genijus, betgi šitai jie jau sakydavo kas antrą dieną, todél ji neémé to giliai į širdį.

Ji permeté mokyklinj krepši ant kito peties. Pastarosios savaitës buvo itin saulétos ir šiltos. Prasidéjo lapkritis, tačiau dienos vis dar buvo šviesios, tarsi tebebütų birželis. Todél išvysti pirmasias kalédines reklamas ryškioje saulékaitoje Nakčiai pasirodë tiesiog absurdiška. Paukščiai nerodé jokių ruošimosi skristi į šiltuosius kraštus ženkľ, o ūkininkai rengési jau trečiai šiaisiai metais šienapjūtei. Naktis buvo visiškai patenkinta tokiomis ilgomis ir šiltomis dienomis, tačiau jos tèvai susimastę klausësi žinių ir kalbéjo, jog tokie nejprasti orai ateityje turétu įtakos visoms gyvybës formoms. Šiaurës pusrutulyje, jūraaptu per šilta žuvims, o ledynai imtų tirpti. Gyvybës sunykimas jūroje turétu rimitų pasekmių. Naktis tenoréjo mègautis švelniu klimatu, ji ničnieko negaléjo padaryti, kad pakeistų orus ar giedrą.

Ji éjo tollyn takeliu. Tarp gélių dūzgë putli kamané ir čiulbéjo įsimyléjë paukščiai. O gal iš kiaušinių išsirito jaunikliai? Ji sustojo ir èmë dairytis, vildamasi išvysti mažus pūkų gnužulélius, tačiau nieko nematé. Taigi, geriausia buvo vël leistis pirmyn. Bet kas gi tai? Ant takelio matësi įspaudas, panašu, didelës kojos paliktas. Ir nors žemë buvo sausa ir išdžiūvusi, į akis krito pèdos žymë, didysis pirštas bei trys mažesni, o toliau buvo dar vienas pèdsakas, ir dar vienas, ir dar... Didelio žvëries tai bûta. Nakti pagavo smalsumas, bet tuo pačiu pajuto ir baimę. Ji buvo vienut viena, o čia, ant takelio, galbùt bastësi pléšrus padaras. Ji įsiklausë į garsus, bet nieko, išskyrus lapų šiugždesj, negirdéjo, įsistebelijo tarp medžių, bet nepastebéjo nieko nejprasto. O gal čia tebuvo kaukémis persirengę mokiniai?

Atsargiai ir palengva ji žengé pirmyn. Po to vël sustojo ir apsidairé aplink. Išvydo daugiau pèdsakų. Tyliai ir susigùžusi nuskubéjo link šalia esančios kalvelès. Prieš leisdamasi tollyn stabteléjo ir įtempé ausis. Jos širdis smarkiai daužësi. Gal vertëtu sugrëžti? Jai nesinoréjo įklimpti į jokj pavojų.

Jos draugai teigé ją esant dràsią. Reiktų jiems pamatyti ją dabar, bijančią kažko, ko néra. Pirštų galiukais sliūkino palei kalvą, tačiau iš nuostabos sustojo, netikëtai atradusi duris. Su geležies žiedu ir raktu spynoje. Įéjimas kur? Net ir turèdama lakią

